

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	18.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en tveimur ábendingum var komið á framfæri.

Eitt eldra frávik er opið vegna olíuleka í tjörn.

UMFANG EFTIRLITS

Fyrri reglubundna eftirlit hófst á fundi sem fór fram hjá rekstraraðila og í beinu framhaldi var farið í vettvangsskoðun, dagskrá fundar var eftirfarandi:

1. Kynning á starfseminni
2. Staðan frá síðasta eftirliti
 - Frávik vegna fráveitu
 - Kerlekar
3. Niðurstöður umhverfisvöktunar
4. Grænt bókhald og útstreymisbókhald
5. Áhættumat fyrir tíðni eftirlits 2021
6. Önnur mál

1. Rekstraraðili kynnti starfsemi sína með áherslu á losun og vöktun.

2. Í síðasta eftirliti, þann 1.12.2020, kom fram eitt frávik vegna olíu í settjörn en sýnleg brák var á tjörninni og tekið var sýni sem leiddi í ljós að olía var yfir starfsleyfismörkum. Uppspretta olíulekans er ekki fullkomlega ljós en líklega lak olía af farartæki sem var á lóð rekstraraðila. Gripið var til aðgerða og ísogsefnum var komið fyrir í tjörninni. Tjörnin fraus í vetur og skipt var um ísogsbúnað eftir að ísinn tók upp. Gerðar hafa verið mælingar bæði inn og út úr tjörninni og ljóst að ekki er að bætast olía í tjörnina.

Kerlekar voru nokkuð tíðir árið 2020, alls voru 29 stöðvanir vegna leka. Það sem af er ári 2021 hafa verið 14 stöðvanir vegna kerleka. Unnið hefur verið að því að skipta út kerjum sem tími er kominn er á að endurnýja og er þeirri vinnu að verða lokið. Farið var yfir kerrekstur og líftíma kerja en rekstraraðili hefur farið í greiningu á því hver líftími kerjanna er og hvaða þættir hafa áhrif á hann. Jafnframt hvaða aðgerða er hægt að grípa til ef einkenni kerleka koma upp.

3. Farið var yfir niðurstöður umhverfisvöktunar, niðurstöðurnar sem bárust inn voru innan skilgreindra viðmiðunarmarka. Stöðin á Hólmsnesi var óvirk allt síðasta ár þar sem endurheimt votlendis fór fram á svæðinu og ekki hægt að komast að stöðinni.

4. Grænt bókhald og útstreymibókhald bárust Umhverfisstofnun fyrir 1. maí sl.

5. Farið var yfir áhættumat fyrir tíðni eftirlits og er Alcoa í flokki A í ár og fær því tvö eftirlit á árinu 2021.

Farið var í skoðunarferð í kerskála, skautsmiðju, steypuskála og niður að settjörnum. Ekki var tilefni til nýrra athugasemda. Sýnileg olía er enn á settjörn en ísogsefni eru ofan á tjörninni, sjá umfjöllun að ofan.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að tryggja áframhaldandi aðgengi að mælistöðinni að Hólmsnesi. Óæskilegt er að stöðin séu úti yfir lengri tímabil.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að rekstraraðili skal skv. gr. 1.3 nota bestu fánlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir. BAT vegna iðnaðar með járnláusan málm var innleitt með 6. gr 14. tl. í reglugerð 935/2018 og tók gildi 21. febrúar 2018 skv. 3. gr Framkvæmdaákvörðunar Framkvæmdastjórnar (ESB) 2016/75/ESB sem birtist í Stjórnartíðindum. Því ber rekstraraðila að fara að fara eftir þeim niðurstöðum um bestu fánlegu tækni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.07.2021



Steinunn Karlsdóttir